

Vestmannaeyjum, 20. janúar, 2025

Tillögur Öldu um umbætur í starfsemi og tekjuöflun ríkisins – umsögn um mál S-1/2025 í samráðsgátt

Alda – félag um sjálfbærni og lýðræði leggur hér til nokkrar tillögur um úrbætur sem munu efla samkeppni og leiða af sér bættan hag almennings, treysta skattskil og efla og styrkja tekjustofna ríkisins til framtíðar, um endurskoðun á forsendum hugbúnaðarkaupna og -gerðar ríkisins sem mun leiða af sér sparnað og aukið gagnsæi, og loks um endurskoðun á styrkjum til fjölmiðla og stjórnmalaflokka sem mun leiða til betri nýtingar styrkja, efla lýðræðið og efla lýðræðislega umfjöllun í landinu.

I. Eflum eftirlit með stórum fyrirtækjum

Mikilvægt er að eftirlit ríkisins með stórum fyrirtækjum og samsteypum sé hert, en það myndi auka samkeppni á markaði og styrkja kaupmátt almennings á sama tíma og skatttekjur ríkisins myndu aukast. Hér þykir Öldu mikilvægast að horft sé til tveggja stofnana ríkisins fyrst og fremst:

- Samkeppniseftirlitið: Samkeppni á íslenskum markaði er lítið og eftirlitið hefur ekki undan að sinna eftirliti og kærumálum, aðilar á markaði virðast lítt óttast eftirlit hins opinbera í þessum málaflokki. Réttast væri að styrkja samkeppniseftirlitið til að það geti betur sinnt sínu hlutverki og hraðar. Þá væri rétt að styrkja lagaleg úrræði þess. Slíkt myndi líka senda þau skilaboð til markaðsaðila að þeir verði að fara eftir lögum og reglum, ella verði viðurlögum beitt gagnvart þeim.
- Skatturinn: Herða þarf eftirlit með stórum aðilum, enda hefur sýnt sig að stórir aðilar – einkum alþjóðlegir – beita ýmsum aðferðum til að greiða lægri skatta til samfélagsins, hvort sem er löglegum eða ólöglegum. Þar er jafnframt um stórar upphæðir að tefla og hagur samfélagsins því fölginn í auknu eftirliti. Leggja þarf meiri orku og tíma til að vinda ofan af aðferðum stórfyrirtækja sem hafa mótast um áratuga skeið og er ætlað að koma fé undan skatti.

Framangreint er þó ekki aðeins mikilvægt fyrir kjör almennings og skatttekjur ríkisins, því hert eftirlit og stífari leikreglur fyrir stórfyrirtæki eru líka mikilvæg fyrir lýðræðið í landinu. Alda telur að ítrekuð brot stórra aðila á lögum og reglum grafi undan trúverðuleika lýðræðislegra stofnana, ekki síst því úrlausn slíkra brota tekur of langan tíma og viðurlögin eru of máttlaus af hálfu opinberra aðila. Oft tekur áratug að greiða úr málum stórfyrirtækja, eins og sést hefur með brot á samkeppnislögum olíufélaga, símafyrirtækja og smásölurisa hérlendis, sem og mál sem voru opnuð í kjölfar opinberunar Panama-skjalanna svonefndu. Þannig er það beinlínis mikilvægt fyrir mátt þessara lýðræðislegra stofnana að starfsemi þeirra sé styrkt í sessi, slíkt telst eðlilegt í lýðræðisríki.

II. Tekjuskattur lögaðila og frádráttarreglur

Mikilvægt er að endurskoða skattstig lögaðila í rekstri (fyrirtækja), enda er ljóst að atvinnulíf í landinu stendur í miklum blóma, en jafnframt að aðstæður í landinu hafa breyst mikið frá því hinn almenni 20% tekjuskattur lögaðila var ákvarðaður og meginlínur frádráttarreglna lagðar. Má þar nefna helst aukna þörf fyrir endurnýjun grunninnviða landsins vegna loftslagsbreytinga og orkuskipta, vegna stækkandi hlutfalls aldraðra í landinu, og þá blasir líka við að ríkið mun þurfa að bregðast við auknum óróa í heiminum – hvort sem er styrjöldum eða ógnum gagnvart innviðum –, svo og vegna eldgosa í landinu. Allt kallar þetta á fjárútlát, sem er sjálfsagt að fyrirtæki taki aukinn þátt í að standa undir í gegnum skattkerfið, enda njóta þau góðs af aðgerðum ríkisins þegar vá ber að höndum og þegar innviðir eru byggðir upp og endurnýjaðir, sem og af sterku velferðarkerfi.

Sem fyrsta skref væri eðlilegast að tekjuskattur lögaðila hækki í 21% varanlega, tímabundin hækkun verði þannig fest í sessi. Frekari endurskoðun til hækkunar ætti að koma til greina. Næst væri eðlilegt að endurskoða frádráttarreglur tekjuskatts. Á Íslandi eru frádráttarreglur óvenju rúmar miðað við skattstig lögaðila, svo sem í samanburði við Norðurlöndin, en þannig kemur saman lágt skattstig og leyfilegur frádráttur sem er ekki leyfður annars staðar. Félagið telur eðlilegt að endurskoða hvað telst frádráttarbært með þrengingu skilyrða að leiðarljósi. Þessar breytingar í sameiningu myndu gera skattkerfið sanngjarnara og jafnframt breikka skattstofna ríkisins, án þess að veikja hagkerfið á nokkurn hátt.

Félagið hvetur stjórnvöld jafnframt til að vera virkari í að nýta sér tekjuskattskerfi lögaðila til að hemja verðbólgu, t.d. með tímabundinni hækkun skatta á lögaðila þegar verðbólga mun fyrirsjáanlega hækka eða vera há. Skattar eru enda eitt verkfæri stjórnvalda til að takast á við verðbólgu, en þeir hafa verið vannýttir að mestu undanfarin ár. Tímabundin hækkun tekjuskatts lögaðila sendir nauðsynlegt merki út í hagkerfið.

III. Styrkir til fjölmiðla

Alda telur nauðsynlegt að nýta betur þá fjármuni sem varið hefur verið til fjölmiðla af hinu opinbera, en samtímis styrkja sess fjölmiðla í samfélaginu til langs tíma.

Félagið hefur áhyggjur af því að vægi hefðbundinna fjölmiðla fari minnkandi, með neikvæðum áhrifum á gagnrýnina samfélagslega umræðu og gæði efnis fjölmiðla, sem þannig grefur undan þeirri grunnstoð lýðræðisins sem heilbrigð umræða er. Þetta birtist m.a. í því að fjölmiðlafrelsi á Íslandi hefur hrakað, að mati Blaðamanna án landamæra. Undirrót þessarar þróunar að mati félagsins er að erlend tæknifyrirtæki taka nú til sín stóran hlut þeirra tekna sem áður fóru til fjölmiðla, því auglýsingar hafa flust yfir til þeirra í miklum mæli. Tekjur fjölmiðla hafa dregist saman og starfsfólki á fjölmiðlum fækkað mjög mikið í kjölfarið.

Alda telur nauðsynlegt í ljósi þessarar þróunar að fjölmiðlum sé veittur stuðningur til að starfa, vaxa og dafna í fyrirsjáanlegra rekstrarumhverfi en nú er. Alda leggur til eftirfarandi aðgerðir sem yrðu að lágmarki til næsta áratugar:

- Opinberir styrkir til fjölmiðla endurvaktir, en þeir verði háðir stærð og markhóp. Smærri fjölmiðlar ættu að njóta mun stærri hluta styrkja en verið hefur og landsbyggðarmiðlar einnig. Vafasamt er að halda áfram því styrkjakerfi sem verið hefur, þar sem stórir miðlar fengu stærstan hluta styrkjanna. Styrkur fjölmiðla liggur að hluta í breidd þeirra, ekki aðeins stærð.
- Virðisaukaskattur á áskriftir fjölmiðla og útgáfu tímarita verði felldur niður, enda vart um svo mjög þensluhvetjandi þátt í hagkerfinu að ræða lengur.
- Tekjuskattur á stöðugildi rannsóknarblaðamanna verði felldur niður, enda sé svo búið um hnútana að þessi ráðstöfun gildi eingöngu um stöðugildi sem snúa að rannsóknnum fjölmiðla og taka langan tíma. Þetta myndi ekki gilda um þáttastjórnendur, ritstjóra eða aðra.
- Gjöld séu lögð á birtar auglýsingar hjá erlendum tæknirisum, hvort sem er virðisaukaskattur eða önnur gjöld. Aðeins aðilar með stóra tekjustrauma frá Íslandi ættu að koma til greina.
- Opinberum stofnunum verði uppálagt að birta auglýsingar í innlendum miðlum fremur en erlendum.
- Félagið telur óráðlegt að hnika við stöðu RÚV, enda mikilvæg stoð í fjölmiðlaflóru landsins. Fækkun stöðugilda á RÚV er ávísun á fækkun fjölmiðlastarfsfólks, og brotthvarf af auglýsingamarkaði myndi líklega fækka auglýsingum í heild sinni í fjölmiðlum. Litlar líkur eru til að starfsfólk og fjármagn færist á einkamiðla með slíkum hrókeringum, en miklar líkur til að enn grafi undan fjölmiðlastarfsemi og óstöðugleiki aukist enn, með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á samfélagið og umræðu.

Með framangreindu yrði til nýtt jafnvægi í rekstrarumhverfi fjölmiðla í þágu samfélagsins og lýðræðisins. Fé myndi færast til fjölmiðla frá erlendum risum. Eðlilegt er þó að ríkið sjálft standi undir styrkjum að hluta, enda fénu varið til að styrkja sjálft lýðræðið, og þá yrði styrkjunum varið innanlands og myndu haldast að mestu innan hagkerfisins.

Styrki og gjöld mætti endurskoða að áratug liðnum.

IV. Hugbúnaðarkerfi ríkisins

Árlega greiðir íslenska ríkið milljarða til einkaaðila fyrir bókhaldshugbúnað sinn og hugbúnað sem heilbrigðisstofnanir landsins nota – er hér átt við Sögu og Orra og skyldan hugbúnað. Hugbúnaðarkerfin eru stór og flókin og viðhaldið af einkaaðilum sem virðast búa við einokun um viðhaldsvinnu og rekstur þeirra. Jafnframt er sem þeir búi við beint eða óbeint eignarhald á kerfunum, enda þarf ríkið að greiða leyfisgjöld vegna þessa hugbúnaðar. Þá er sem gæðum hugbúnaðarins sé ábantavant, eftir því sem komið hefur fram í opinberri umræðu.

Alda bendir á að bæta má úr þessu með því að opna kóða (e. *open source*) þessara kerfa og koma eignarhaldinu í hendur ríkisins (ef svo ber undir). Þetta myndi hafa ýmiss konar áhrif: Í fyrsta lagi yrði hulunni svipt af því hvernig þessi kerfi virka og myndi gera öðrum aðilum – óháðum núverandi viðhalds- og rekstraraðilum – kleift að benda á kerfi og lausnir sem má fella inn í núverandi kerfi eða gætu komið í stað þeirra. Í öðru lagi myndi opnast á þann möguleika að nýsmíði einstakra kerfishluta fari í útboð en rekstur og reglulegt viðhald sé á hendi annarra aðila sem keppa um það í sérstöku útboði. Í þriðja lagi gæti íslenska ríkið, sem eigandi, sett kröfur um gæði sem byggir á sameiginlegum staðli, sem má auðveldlega tryggja þegar kóðinn er opinn. Í fjórða lagi myndu óbeinar kröfur um gæði aukast með opnum kóða, enda vel þekkt sú tilhneiging að gæði aukast með opnun kóða. Loks opnast fyrir þann möguleika að vinna með hinum Norðurlöndunum að þróun kerfa af þessu tagi, enda líkur til að þau séu að þróa sín eigin, en þessi möguleiki á einkum við um heilbrigðistengda hugbúnaðinn. Ábatinn af opnun kerfanna yrði þannig í senn fyrir notendur kerfanna, skattgreiðendur og ríkið – gæði myndu aukast og kostnaður trúlega minnka, auk þess sem dregið yrði úr einokun á þessu sviði og gagnsæi ykist.

Fordæmi eru fyrir því að ríki opni kóðann að hugbúnaðarkerfum sínum. Þannig er hugbúnaðarkerfið *VISTA*, sem notað er af *Veterans Health Administration* í Bandaríkjunum er veitir milljónum fyrrum hermanna heilbrigðisþjónustu og er á vegum ríkisins, opið og hefur verið um all-langa hríð. Einnig er til opið kerfi, *GNU Health*, sem notað er á vegum heilbrigðisþjónusta víða um heim.

Alda telur að ríkið eigi að hafa þá stefnu að kóði alls hugbúnaðar sem er þróaður fyrir skattfé og er til að þjónusta ríkið verði opinn öllum. Slíkt myndi hafa jákvæð áhrif víða í ríkisrekstrinum, af þeim ástæðum sem eru raktar að framan.

V. Styrkir til stjórnmalaflokka

Alda telur núverandi styrkjakerfi stjórnmalaflokka kostnaðarsamt og óheilmæmt fyrir stjórnmalin í heild og stjórnmalaflokkana sömuleiðis. Heildarframlag hins opinbera er í kringum milljarð á ári, þar af 700 milljónir frá ríkinu, en restin frá sveitarfélögum. Félagið telur tækifæri til að spara og stokka upp styrkjakerfið í leiðinni sem myndi leiða til heilmæmara umhverfis stjórnmalaflokka.

Alda telur styrkjakerfið hafa nokkra meginágalla:

- Kostnaðarsamt fyrir ríki og sveitarfélög.
- Flokkum er mismunað eftir atkvæðamagni; flokkar sem fá fleiri atkvæði fá hærri styrki í krafti þess, sem gerir þeim auðveldara að viðhalda sinni stöðu en ella væri. Félagið telur þessa ráðstöfun brjóta í bága við grundvallarhugsjónir lýðræðislegrar skipanar um jafnræði.
- Stjórnmalaflokkar sem ná fólki inn á þing verða með tímanum líkari fyrirtækjum í rekstri en félagasamtökum sem byggja á sjálfbóðaliðastarfi og áhuga fólks á starfinu, því starfsfólk er ráðið til að reka flokkana og auglýsingastofur reka kosningaherferðir – starf flokkana byggist því æ meir á fjármagni. Stjórnmalaflokkarnir eru jafnframt orðnir að stóreignafélögum sumir hverjir, með hundruð milljóna í eigið fé, m.a. í krafti styrkja frá hinu opinbera. Einn flokkur stendur í uppbyggingu húsnæðis, sem dæmi.
- Lögaðilum er leyft að styrkja stjórnmalaflokka, auka þannig áhrif sín í stjórnmalunum og samfélaginu, kostnaðinn má afskrifa sem útgjöld. Samkrull stjórnmála og fjármagns af þessu tagi er hættulegt að mati Öldu, enda hætta á spillingu til staðar jafnvel þótt hámark sé á upphæðum styrkja og gagnsæi um styrkveitingarnar, en auk þess telur félagið slíkt samkrull brjóta í bága við það grundvallaratriði lýðræðisins að það er fólk sem kys og á að hafa áhrif á stjórnmalalega framvindu, ekki fyrirtæki og fjármagn þeirra.

Félagið vill að styrkjakerfið verði endurskoðað með eftirfarandi að auginamiði: Styrkjum sem grundvallast á atkvæðamagni verði skipt út í staðinn fyrir fasta árlega styrki frá ríkinu sem ná til allra stjórnmalaflokka sem ná 2,5% atkvæða lágmarki; þessum styrkjum yrði ætlað til að reka höfuðstöðvar og samkomustað fyrir flokksstarfið. Styrkir fyrirtækja verði óleyfilegir. Hámarks árlegir styrkir frá einstaklingum yrðu 150.000 krónur og yrðu ófrádráttarþærir frá skatti. Framangreint væri ákjósanlegt að gera í tímasettum áföngum og yfir fimm ára tímabil, þannig að flokkarnir geti endurskipulagt fjármál sín og innra starf til að byggja í meiri mæli á sjálfbóðaliðastarfi og styrkjum frá flokksmeðlimum, auk hinna föstu styrkja frá ríkinu.

Félagið telur framangreindar breytingar myndu stuðla að skilvirkara, sanngjarnara og einfaldara styrkjakerfi sem væri líka lýðræðislegra og þannig mikil bót fram yfir það sem nú er.

VI. Efling stofnana og innviða – sterkari tekjustofnar

Að baki ofangreindu liggur það álit Öldu að niðurskurður í rekstri stofnana ríkisins, fjöldi sameininga og áralangar kröfur um hagræðingu hafi leitt af sér veikingu ýmissa stofnana ríkisins. Margar stofnanir eiga erfitt með að sinna verkefnum sínum af þeim mætti sem nauðsynlegt er í ljósi flóknara samfélags, mannfjölgunar og ýmissa ógna. Hér mætti nefna Skattinn, Samkeppniseftirlitið, Fangelsismálastofnun, ýmis lögregluembætti, saksóknaraembætti, opinberar heilbrigðisstofnanir, og fleira til. Veikar stofnanir leiðir af sér að þær geta ekki beitt sér í þágu borgaranna sem skyldi, sem getur af sér vantraust gagnvart samfélaginu og hinu opinbera, og í framhaldinu gliðnar samfélagið. Hið sama má segja um slitna innviði. Lýðræðið verður einnig fyrir áhrifum af þessu, enda sterkar stofnanir og samheldni forsenda þess, og góðir innviðir og regluleg uppbygging þeirra styðja við lýðræðið. Félagið telur mjög brýnt að sporna við þessari þróun og því eru tillögur þess fallnar að því að treysta stofnanir ríkisins í sessi, breikka og treysta skattstofna og auka samkeppni – einkum meðal stórra aðila –, koma á samkeppni þar sem það á við – svo sem um hugbúnaðargerð fyrir ríkið – og gera styrkjakerfi fjölmiðla og stjórnmalaflokka hagkvæmara, skilvirkara og lýðræðislegra. Styrkari skattstofna ríkisins má nýta til að efla innviði landsins.

Félagið telur mjög brýnt að niðurstöður samráðsferlisins og framkvæmdin verði í þessum sama anda, því aðeins þannig megi í raun og veru tala um ávinning fyrir almenning af því.

Fulltrúar Öldu eru reiðubúnir til samtals og samstarfs um ofangreint hvenær sem er.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður